

---

## Endurskoðuð fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2024 og samanburður við fjárhagsáætlun 2024 og ársreikning 2023.

### Rekstartekjur.

Heildarrekstartekjur að teknu tilliti til millifærslan á milli deilda er alls áætlaðar 325 mkr sem er hækkun um 89,4 mkr frá fjárhagsáætlun 2024 og 86,6 mkr hækkun miðað við ársreikning.

### Framlög Ríkissjóðs

Framlög ríkissjóðs lækka miðað við fjárhagsáætlun 2024 um 5,7 mkr og 43,7 mkr miðað við ársreikning 2023. Skýrist að mestu af minni árangri af umsóknum í C1 aðgerð Byggðaáætlunar 2024 *Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða* en eitt verkefni fékkst nú samþykkt.

Fjórðungssambandið sækir árlega um um verkefnaframlagið og á árinu 2023 fengust úthlutaðar 43,6 mkr til þriggja verkefna á Vestfirðum.

Framlag til sóknaráætlunar stóð að mestu í stað við afgreiðslu fjárlaga 2024 frá fyrr ári og það mun nema 107,3 mkr

- **Framlög Jöfnunarsjóðs.**

Framlagið skiptist upp í tvo hluta. Annars vegar fá landshlutasamtök sveitarfélaga samkvæmt reglugerð um Jöfnunarsjóð, hlutdeild af almennum tekjum sjóðsins. Áður áætlað framlag hækkar er hækkað um 2 mkr og nemur 50 mkr, sem er sama fjárhæð og framlög ársins 2023, samkvæmt ársreikningi.

Hinsvegar hefur Jöfnunarsjóður á undanförunum árum veitt framlagi til FV vegna reksturs áætlana í umsjón FV s.s. sóknaráætlunar, framlagið er áætlað hér 7 mkr sem lítilega hærra en í áætlun 2024 og í ársreikningi 2023.

Jöfnunarsjóður samþykkti í desember s.l. að veita fjármagni til að standa að gerð nýrra sóknaráætlunar fyrir tímabilið 2025-2029, nemur framlagið 5,9 mkr. Framlagið er tekjufært á árinu 2023 en vinna hefst á árinu 2024 og var framlagið flutt í heild sinni á það ár.

- **Framlag Byggðastofnunar.**

Vestfjarðastofa tók við samningi FV og Byggðastofnunar, um atvinnu og byggðaþróun á starfsvæði FV á árinu 2023, því fellur framlag Byggðastofnun í heild sinni niður, en er hér inni vegna samanburðar við niðurstöðu ársreikning 2022.

- **Framlög sveitarfélaga**

Samkvæmt samþykktum Fjórðungssambands þá er árstíllag sveitarfélaga ákveðið á Fjórðungspingi að hausti, reiknast það sem framlag á hvern íbúa sveitarfélags miðað við 1. janúar ár hvert. Samþykkt framlag (árstíllag) fyrir árið 2024 nemur 42,8 mkr.

Framlagið skiptist á rekstrardeildir;

- Byggðaþróun og atvinnu og nýsköpunarmál, samtals **12,8 mkr**. Framlagið er tvískipt, **7,8 mkr** sem er mótfamlag sveitarfélaga á móti samningi við Byggðastofnun um

---

atvinnu og byggðþróun. Síðan **5 mkr**, framlag til reksturs Umhverfissvottunar sveitarfélaga Earth Check

- Rekstur skrifstofu, samtals **30 mkr**. Skiptist í árstíllag sveitarfélaga til markaðsmála, **7,7 mkr**, hér er um að ræða mótframlag á móti samningi Vestfjarðastofu við mótframlag á móti framlögum Ferðamálastofu vegna Áfangastofu. Árstíllag **9,9 mkr** hér er um að ræða framlag til starfsemi á sviði menningarmála, sú starfsemi er skilgreind sem áhersluverkefni í samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 og að lokum árstíllag til rekstur skrifstofu, **12,4 mkr** hér er um að ræða framlag til reksturs skrifstofu FV.

### **Framlag til Svæðisskipulags Vestfjarða.**

Hér er áætlun um framlög til Svæðisskipulags Vestfjarða alls 35,6 mkr, þar af eru áætluð framlög Skipulagssjóðs og framlag sveitarfélaga 20 mkr auk 5,2 mkr eftirstöðvar framlags til verkefnisins frá síðasta ári og síðan 10,4 mkr af Sóknaráætlun (áhersluverkefni).

### **Ónotaðir styrkir færðir frá fyrra ári.**

Heildarfjárhæð ónotaðra styrkja og framlaga nemur 68,8 mkr en að teknu tilliti til framlags svæðisskipulags 5,2 mkr þá nema ónotaðir styrkir alls 74,1 mkr. Þetta er 31 mkr hærri fjárhæð miðað við ársreikning og í áætlun ársins 2024 var áætlað að þessir styrkir yrðu nýttir í heild sinni á árinu 2023. Þetta skýrist af því að auknir styrkir komu til tekna eftir að fjárhagsáætlun var samþykkt og styrkir frá 2022 og 2023 voru ekki nýttir að hluta,, nemur þetta alls um 24 mkr. Nokkur vissa er að þessir styrkir og framlög munu verða nýtt í heild sinni á árinu 2024.

### **Ónotaðir styrkir til næsta árs.**

Gildistími núverandi Sóknaráætlunar líkur á árinu 2024, áhersluverkefni sem þar heyrir undir miðast við að verða lokið á árinu og því er gert ráð fyrir að ekki verði ónotaðir styrkir færðir til næsta árs.

### **Tekjur færðar til næsta árs og varasjóður stjórnar**

Miðað er við að áætlaðir vextir sóknaráætlunar 2024 og eftirstöðvar frá 2023, færast til næsta árs eða um 800 þkr.

Áætlað er að eftirstöðvar af framlagi Jöfnunarsjóðs til umsjónar með Sóknaráætlun nemi 400 þkr og verði hluti af varasjóði stjórnar

Tekjur varasjóðs nema 7,5 mkr, 1 mkr vegna rekstarafgangs af fjarskiptaverkefni og 6,5 mkr sem áætlað var 2023 rynni til aðkeyptrar sérfræðivinnu.

### **Millifærslur á milli deilda**

Millifært verði milli deilda 14,6 mkr, þar af 13 mkr á Byggða- og atvinnuþróun og nýsköpun og 1,6 mkr á rekstur skrifstofu.

---

## Vextir

Vextir að frádregnum fjármagnstekjuskatti eru áætlaðir 1,6 mkr, þar af 800 þkr á rekstri skrifstofu og 800 þkr af sóknaráætlun (hluti þeirra eru eftirstöðvar 2023 sem færast til ársins 2024).

## Rekstargjöld

Rekstrargjöld eru að teknu tilliti til millifærslna milli deilda, eru alls áætluð um 325 mkr og hækka um 90 mkr í samanburði við fjárhagsáætlun 2024 og ársreikning 2023. Hér er um að ræða áhrif af gerð svæðisskipulags, verkefnafjármagns sem greitt er til verkefna Vestfjarðastofu og aðila sem framkvæma verkefni með stuðningi af C1 aðgerð Byggðaáætlunar.

**Lífeyrisskuldbinding.** Áætlaðar greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga FV nemi um 300 þkr. Vakin er athygli á að tilgreint er nú reiknuð hlutdeild ársins í fyrirframgreidda lífeyrisskuldbinding sem FV greiddi til Brú lífeyrissjóðs. Vestfjarðastofa sem tók við starfsmönnum FV og endurgreiðir þessa hlutdeild til FV.

**Framlag til Vestfjarðastofu.** Alls áætlað 107 mkr og hækkar um 1 mkr frá áætlun og er ráðstafað samkvæmt rekstrarsamningi FV og Vestfjarðastofu skiptist á eftirfarandi deildir,

- Byggðaðpróun og atvinnu og nýsköpunarmál, samtals 12,8 mkr.  
Óbreytt tillaga frá áætlun eð 7,8 mkr renni til að vinna að verkefnum um atvinnu og byggðaðpróun,  
Óbreytt tillaga um 5 mkr framlag vegna umsjónar með umhverfissvottun sveitarfélaga. Undir þessum fjárhagslið var samningur FV og Byggðastofnunar um atvinnu og byggðaðpróun sem Vestfjarðastofa hefur nú tekið yfir.
- Sóknaráætlun. Hækkun um tæpa 1 mkr frá fjárhagsáætlun 2024, framlag til reksturs Sóknaráætlunar Vestfjarða (11 mkr) og sértæk verkefni Byggðaáætlunar (6,2 mkr) alls 17,2 mkr og síðan hækkar einskiptis úr 5 mkr í tæpar 6 mkr vegna gerðar nýrra sóknaráætlunar.
- Rekstur skrifstofu FV. Óbreytt frá áætlun 2024. Alls 71 mkr til reksturs skrifstofu FV, framkvæmdastjórn, stjórn FV, nefndir FV, sérfræðivinna/hagsmunagæsla, húsnæði og tæki. Fjármögnun kemur af hækkun áætlaðs framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélagi fyrir árið 2024, framlagið nemi alls 41 mkr. Framlag sveitarfélag verði 12,4 mkr  
Óbreytt framlag til markaðsmála 7,7 mkr að vinna að verkefnum á sviði markaðsmála ferðaþjónustu / Áfangastofu Vestfjarða.  
Óbreytt framlag menningarmála. tillaga um 9,9 mkr til að vinna að menningarstarfi sem áhersluverkefni samkvæmt samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024.

**Áhersluverkefni.** Alls um 54,1 mkr, þessum fjármagni hefur verið ráðstafað á árinu 2024 til 7 verkefna samkvæmt ákvörðun stjórnar FV. Verkefnið Blámi 7,5 mkr, Ímynd, uppbygging og fjárfestingar 10 mkr, Markaðsetning ferðaþjónustu 10 mkr, Ungmennalýðræði 2 mkr, Úrgangsmál og hringrásarhagkerfi 5 mkr, Menntastefna - eftirfylgni 2 mkr og Svæðisskipulag

---

10,4 mkr. Fjallað er um áhersluverkefni í skýrslu til Fjórðungsþings um starfsemi Sónarátætlunar Vestfjarða.

**Greiddir styrkir.** Óbreytt frá fjárhagsáætlun alls 56,7 mkr, þar 54,3 mkr af framlagi Sónarátætlunar Vestfjarða fyrir árið 2024 og 2,4 mkr vegna endurúthlutunar niðurfelldra styrkja.

### **Aðkeyptir verktakar/þjónusta.**

Nemur 9,8 mkr og skiptist á; C9 verkefni Byggðaáætlunar, *Náttúruvernd og efling ferðaþjónustu – Breiðafjarðarverkefni*, 2,5 mkr, Svæðisáætlun um úrgang 2,8 mkr, innviðamál 2,5 mkr (úttekt á fjarskiptamálum, greiningar vegna samgöngumála og Orkuþing Vestfjarða) og 2 mkr vegna reikningshalds skrifstofu FV.

### **Svæðisskipulag Vestfjarða**

Áætlaður kostnaður við aðkeypta sérfræðivinnu 29 mkr og vinna svæðisskipulagsnefndar, ferðir og fundir 8,6 mkr, alls 37,6 mkr. Unnið samkvæmt kostnaðaráætlun og skilmálum útboðs svæðisskipulagsvinnu sem samþykkt var í byrjun febrúar.

### **Aðkeypt sérfræðiþjónusta aðgerðir Byggðaáætlunar**

Samningar við aðila um framkvæmd aðgerða samkvæmt samþykktum verkefnaumsóknum FV í aðgerð C1 Byggðaáætlunar, alls 56,1 mkr. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 30 mkr en hækkun má m.a. rekja til ólokinnar verkefna frá árinu 2022 (11,8 mkr) og nýju verkefni sem samið var við umhverfis, orku og loftlagsráðuneyti í lok árs 2023 orkuskipti og loftlagsstefnu sveitarfélaga, m.a. þátttaka í RECET evrópuverkefni. (10 mkr). Verkefnið verður unnið af Vestfjarðastofu, sem óskaði eftir að færa framkvæmd þess til ársins 2024.

**Annar skrifstofukostnaður.** Breytt tillaga frá fjárhagsáætlun 2024 um 500 þkr til að óvissum kostnaði við verkefni á deild byggða- og atvinnuþróunar og nýsköpunar.

### **Millifærslur á milli deilda.**

Tillaga um að millifæra 13 mkr af rekstri skrifstofu til verkefna í byggða- og atvinnuþróun og nýsköpun og 1,6 mkr af sóknarátætlun á rekstur skrifstofu, samtals 14,6 mkr.

### **Rekstarniðurstaða.**

Rekstarniðurstaða er áætlað að nemi nemur 322 mkr og er um 90 mkr hærri en í áætlun, en í takti við áætlaða hækkun tekna.

### **Annað.**

Fjárhagsnefnd leggur til að stofnaður verði varasjóður stjórnar á grundvelli tekna sem eru umfram rekstraráætlun. Áður hefur þessum tekjum verið ráðstafað með því að áætla á aðkeypta sérfræðiráðgjöf eða og önnur gjöld. Leggur fjárhagsnefnd að og stjórn hafi heimild til að ráðstafa þeim tekjum innan rekstrarársins til að mæta nýjum útgjöldum en geri greinargerð með ársreikningi um ráðstöfun. Sjóðurinn nemi á árinu 2024 um 7,5 mkr.